

Landgræðsla ríkisins  
Áskell Þórisson  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Garðabær, 28.2.2020  
Tilvísun: 2020020020 / 42-0 Umsagnir almennt  
TB  
tb

### Efni: Landgræðsluáætlun - drög að lýsingu

Vísað er til máls. nr. 12/2020 í samráðsgátt um lýsingu á landgræðsluáætlun þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands og öðrum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við drög að lýsingunni.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreind drög og telur þau að mörgu leiti koma inn á flesta þætti sem þarf að skoða við gerð sjálfrar áætlunarinnar. Hér er um lýsingu að ræða á því sem gera skal og því ekki þess að vænta að farið sé nákvæmlega í alla þætti. Til dæmis er vísað í lög um landgræðslu, að sjálfsögðu, og það látið nægja. Ekki er talin ástæða til að vísa sérstaklega í lög um náttúruvernd. Vissulega er vísað í þau lög í lögum um landgræðslu og einnig er vísað í alþjóðasamninga sem málið varða í lýsingunni. Það er hins vegar í lögum um náttúruvernd þar sem er að finna ýmis lögbundin viðmið um náttúruvernd fyrir Ísland, sem sum hver hafa beina tilvísun í alþjóðasamninga, sem rétt væri að minnst á. Væntanlega og vonandi verður það gert í endanlegri lýsingu á landgræðsluáætluninni. Náttúrufræðistofnun leggur t.d. áherslu á að markmið í loftslagsmálum yfirskyggi ekki t.d. vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Í kaflanum um tengsl við aðrar áætlanir er hvorki að finna náttúruminjaskrá né náttúruverndaráætlanir þ.m.t. B-hluta náttúruminjaskrár, framkvæmdaáætlun. Þar með talið tillögur Náttúrufræðistofnunar á B-hluta <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Það vekur einnig athygli að í kafla um stöðumat/grunnástand er ekki minnst á gróðurkort eða vistgerðakort.

Þar sem sérstaklega er vísað til landsáætlunar í skógrækt í inngangi lýsingarinnar og einnig þar sem bent er á tengsl við aðrar áætlanir telur Náttúrufræðistofnun rétt að láta hér fylgja með umsögn stofnunarinnar um þá landsáætlun. Margt af því sem þar kemur fram og snýr að almennri náttúruvernd á einnig við um landgræðsluáætlun.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

